

# Fréttapistill frá forseta Íslands

12. júlí 2021

Um helgina vorum við fjölskyldan á mikilli knattspyrnuhátíð stúlkna, Síamóti Breiðabliks í Kópavogi. Þar ríkti kapp og gleði og færi ég mótshöldurum þakkir fyrir þeirra mikla framlag. Gaman var að fylgjast með hressum krökkum hvaðanæva að af landinu, foreldrunum sömuleiðis (langoftast) og flottum þjálfurum eins og hjá okkur Álftnesingum. Hópur stúlkna úr KR lenti í sóttkví rétt fyrir mót og misstu þær því af þessum frábæra viðburði sem þær höfðu hlakkað til. Ég sendi þeim hlýjar kveðjur. Á mótssvæðinu þótti mér vænt um að vera með á myndum öðru hvoru. Minnugur fyrri strákamóta, sem ég hef sótt, veit ég að alltaf er tekið vel undir ef ég spyr krakkahóp við slík tilefni: „Hverjir eru bestir?“ Á þessu móti fékk ég hins vegar ábendingu, vinsamlega en ákveðna, frá einni stúlkunni úr Eyjum. „Þú átt að segja: Hverjar eru bestar?“ sagði hún og féllst ég svo sannarlega á það.

Við eigum að stefna í rétta átt. Í gær lauk Evrópumóti karla í knattspyrnu með úrslitaleik á Englandi. Ég óska Ítölum til hamingju með verðskuldaðan sigur sinna manna. Næsta sumar verður Evrópumót kvenna á enskri grundu. Þar verða stelpurnar okkar í keppni hinna bestu í álfunni og hvet ég alla landsmenn, sem á því hafa tök, að halda til Englands, eiga þar sumarfrí en mæta um leið á leiki Íslands og styðja okkar lið. Mótið verður haldið 6.–31. júlí 2022.

Í nýliðinni viku kvaddi ég nokkra sendiherra sem hafa haft Ísland í sínu umdæmi. Eva Egesborg Hansen lýkur senn dvöl sinni hér sem sendiherra Danmerkur og sama gildir um Jacob Isobethsen, sendimann Grænlands. Hinn 3. júlí 1721 voru þrjár aldir liðnar frá því að danski trúboðinn Hans Egede steig fæti á grænlenka grundu. Til stóð að minnast þeirra tímamóta með hátiðlegum hætti en aðstæður þóttu ekki henta til þess.

Ég átti einnig kveðjufund með Maria Rotheiser-Scotti sendiherra Austurríkis á Íslandi, með aðsetur í Kaupmannahöfn. Einir fara og aðrir koma í dag, eins og segir í ljóði Tómasar Guðmundssonar. Þriðjudaginn 6. júlí tók ég á móti Bernard Jaggy, nýjum sendiherra Sviss, sem afhenti trúnaðarbréf sitt á Bessastöðum. Við ræddum um traust samskipti Íslands og Sviss í áranna rás, framtíð fríverslunar í Evrópu og stöðu ríkjanna tveggja gagnvart Evrópusambandinu. Þá bar loftslagsmál og nauðsyn aðgerða í þeim efnunum á góma, ættjarðarást og alþjóðahyggju. Fótbolti kom þar einnig við sögu. Íþróttir geta verið frábær vettvangur til að láta í ljós heilbrigða ættjarðarást, finna það sem sameinar fólk, gleðjast saman, gefa næstu manneskju í stúkunni fimmu þegar vel gengur og fallast í faðma þegar sigur er í höfn. Því miður geta líka íþróttir einnig verið misnotaðar þannig að óvandað fólk finni farveg fyrir kynþáttahatur, þjóðrembu og ofbeldi. Verði ekki tekið hart á því erum við í vanda stödd.

Síðastliðinn þriðjudag hlotnaðist mér einnig sá heiður að taka á móti forseta Sviss, Guy Parmelin, sem var í stuttri vinnuheimsókn hér á landi. Parmelin er jafnframt viðskiptaráðherra landsins og gegnir embætti þjóðhöfðingja í eitt ár eins og aðrir ráðherrar þar. Á fundi okkar var rætt um viðskipti Íslands og Sviss, stöðu ríkjanna á

alþjóðavettvangi og sameiginlega hagsmuni á sviði loftslagsmála, mannréttinda og virðingar fyrir lögum á alþjóðavettvangi.

Staða þjóðhöfðingja í Sviss er einstök og merkileg fyrir margra hluta sakir. Þegar Kristján Eldjárn var forseti skapaðist gott trúnaðarsamband milli þeirra Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra. Fyrst kynntist Kristján Bjarna þegar þeir voru í öðrum embættum, Kristján þjóðminjavörður og Bjarni menntamálaráðherra. Við svíplegt andlát Bjarna Benediktssonar 1970 rifjaði Kristján upp góð kynni þeirra í dagbók sinni en skrifaði þó af þeirri hreinskilni sem honum var þar töm: „Áður en þetta allt gerðist hafði ég sem strákur heldur illan bifur á Bjarna, fannst hann vera fulltrúi fyrir það sem mér var nokkuð andstæðilegt. Ekki líkaði mér hann vel í lýðveldisstofnunarmálinu, af því að ég var einn þeirra sem vildu fresta lýðveldisstofnuninni þangað til stríðið var búíð. Nú skal ég engan dóm á það leggja hvor leiðin var réttari, enda veit ég ekki hvort nokkur getur fellt slíkan dóm af nokkru viti.“ Og þetta skrifaði Kristján um afstöðu Bjarna til embættis forseta: „Það mætti vel segja mér að hann hefði í rauninni viljað hafa annað fyrirkomulag, til dæmis eins og í Sviss, en ég veit þetta ekki fyrir víst.“ Aðrar heimildir eru svo fyrir því að þegar fram liðu stundir hafi Bjarni Benediktsson litlar sem engar breytingar viljað gera á stöðu forseta í íslenski stjórnskipun og stjórnarskrá lýðveldisins yfirleitt.

Á föstudaginn var kvaddi ég með virktum góða gesti sem litu við á Bessastöðum. Mótorhjólakapparnir hjá Toyrun hófu þar árlega hringferð sína um landið. Enn á ný safna þeir um leið fé til styrktar Pieta-samtökunum (ég leyfi mér að nefna hér að Eliza er verndari þeirra). Þetta eru flottir garpar sem vilja láta gott af sér leiða og óska ég þeim góðrar ferðar.

Þá er þess að geta að við upphaf nýliðinnar viku sóttum við Eliza lokatónleika Seiglu, sönghátíðar í Hafnarborg í Hafnarfirði. Gissur Páll Gissurarson, Hanna Dóra Sturludóttir, Kristinn Sigmundsson, Oddur Arnþór Jónsson og Sigrún Pálmadóttir fluttu aríur og samsöngsatriði úr óperum við undirleik Guðrúnar Dalíu Salómónsdóttur. Sönghátíðin hófst þegar samkomutakmarkanir, grímuskylda og aðrar hömlur voru enn í gildi en undir lok hennar voru tónleikagestir lausir undan öllum kvöðum af því tagi.

Í vikulokin lá leið okkar aftur á tónleika í Hafnarfirði. Í það sinn voru listamennirnir einnig öflugir en þó af öðru tagi. Jói Pé og Króli stigu á svið í Bæjarbíói og fluttu lög sín við mikinn fögnuð áheyrenda.

Við upphaf þessa mánaðar, 3. júlí, var rétt öld liðin frá því að gefið var út konungsbréf um stofnun hinnar íslensku fálkaorðu. Í því segir m.a.: „Oss hefur þótt rétt, til þess að geta veitt þeim mönnum og konum, innlendum og útlendum, sem skarað hafa fram úr öðrum í því að efla heiður og hag fósturjarðarinnar að einhverju leyti, opinbera viðurkenningu, að stofna íslenska orðu, sem Vér viljum að sé nefnd „Íslenski fálkinn“.“ Konungur Íslands var fyrsti stórmeistari fálkaorðunnar. Hinn 11. júlí 1944, tæpum mánuði eftir lýðveldisstofnun, var gefið út forsetabréf um fálkaorðuna. Meðal annars var konungskórónan þá numin brott úr orðunni sem og nafn konungs sem stofnanda. Einkunnarorðum var breytt úr „Aldrei að víkja“ í „Eigi víkja“ og tímatalið 17. júní 1944 kom í stað nafns stofnanda. Þannig hefur fálkaorðan breyst í tímans rás.

Góðar stundir.